

*Umsögn; Þskj. 810-494. mál.*

*Tillaga til þingsályktunar um heildarúttekt á starfsemi æskulýðs- og ungmennasamtaka á Íslandi.*

Reykjavík, 26. apríl 2011.

Umsögn Fimleikasambands Íslands til menntamálanefndar.

Fimleikasamband Íslands lýsir yfir ánægju með ofangreinda þingsályktunartillögu og þakkar menntamálanefnd Alþingis fyrir að senda samtökunum tillöguna til umsagnar.

Eins og menntamálanefnd þekkir gerir löggjöf hér á landi greinamun á æskulýðsstarfi og íþróttastarfi, sbr. íþróttalög nr. 64/1998 og æskulýðslög nr. 70/2007. Sama gildir um fjárveitingar ríkisins til þessarar starfsemi, sbr. að æskulýðsmál falla undir lið nr. 02-988-æskulýðsmál í fjárlagafrumvarpi ársins 2010 (fjárveiting að fjárhæð 199,4 millj. kr.) og íþróttamál undir lið nr. 02-989- ýmis íþróttamál (fjárveiting að fjárhæð 343.1 millj. kr.). Fimleikasamband Íslands (FSÍ) er eitt sérsambanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) en sambandið er æðsti aðili fjálsrar íþróttastarfsemi í landinu, sbr. 5. gr. íþróttalaga nr. 64/1998. Fjárveitingar til ÍSÍ eru því af fjárlagalið 02-989-ýmis íþróttamál. Ýmis aðildarfélag/deildir innan vébanda FSÍ eru hins vegar einnig aðilar að Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) sem eru sjálfstæð félagasamtök á sviði íþróttar, sbr. 5. gr. laga nr. 64/1998. Innan sérsambanda ÍSÍ er mikill fjöldi barna og ungmenna og þar fer fram viðamiklur uppeldis- og forvarnastarf. Af þeim sökum beinir FSÍ því til menntamálanefndar Alþingis að tillaga til þingsályktunar um heildarúttekt á starfsemi æskulýðs- og ungmennasamtaka nái einnig til íþróttamála (fjárlagaliður nr. 02-989) þannig að þau atriði sem úttektinni er ætlað að ná til beinist einnig að samtökum eins og ÍSÍ.

Að lokum. Vera má að heildarúttekt, sem hefur það að markmiði að beitt verði þarfagreiningu til grundvallar stefnumótun og ráðstöfun fjárveitinga í málaflokknum, leiði til þess að alvarlega verði skoðað að sameina samtök eins og ÍSÍ og UMFÍ. með það að markmiði ná fram betri nýtingu fjármuna og öflugri heildarsamtökum í þágu æskulýðs- og íþróttastarfs til heilla fyrir börn og ungmenni á Íslandi.